

Vinnuhópur um  
gistaðstöðu fyrir  
íþróttafélög af  
landsbyggðinni

# Lokaskýrsla



Unnið 2019-2020

---



# Vinnuhópur um gístiaðstöðu

## Lokaskýrsla september 2020.

Á 74. Íþróttabingi ÍSÍ var skipaður vinnuhópur um gistingu íþróttafólks af landsbyggðinni. Vinnuhópnum var ætlað að kortleggja möguleika á gístiaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu fyrir íþróttafélög/-hópa af landsbyggðinni og bæta þar með úr brýnni þörf þessa efnis. Í vinnuhópnum voru:

Gunnar Bragason ÍSÍ, formaður  
Olga Bjarnadóttir ÍSÍ, varaformaður  
Birna Lárusdóttir KKÍ/HSV  
Kristján Daníelsson BSÍ  
Auður Vala Gunnarsdóttir UÍA  
Reimar Helgason ÍBA  
Lárus B. Lárusson UMFÍ

Starfsmaður vinnuhópsins var Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri.

### Fyrstu skrefin

Gunnar Bragason formaður hópsins og Viðar starfsmaður funduðu með Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ, Höllu Kjartansdóttur skrifstofustjóra ÍSÍ og Andra Stefánssyni sviðsstjóra Afreks- og Ólympíusviðs þann 8. okt. 2019 til að skerpa aðeins á hlutverki hópsins. Rætt var um ýmsa þætti sem tengjast verkefninu eða snerta það með einum eða öðrum hætti.

### Fundur vinnuhópsins 14. okt. 2019.

Fyrsti fundur vinnuhópsins var svo haldinn 14. okt. Þar voru málin rædd frá ýmsum sjónarhornum og þau atriði rædd sérstaklega sem álitin voru þau sem hópurinn helst gæti skoðað. Þau verkefni voru talin vera annars vegar að finna bestu möguleikana á gístiaðstöðu hjá þjónustuaðilum þess efnis miðað við þarfir íþróttahreyfingarinnar og hins vegar að hefja samskipti við samtök sveitarfélaga um möguleika á skólagistingu. Fram kom á fundinum að skólarnir væru í auknum mæli búnir að loka á gistingu einstakra íþróttahópa af ýmsum ástæðum.

### Samstarf við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Formaður vinnuhópsins, Gunnar Bragason og varaformaður Olga Bjarnadóttir, áttu fund með Páli Björgvin framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem möguleikar á samstarfi í þessum eignum voru ræddir. Á fundinum óskaði Páll Björgvin eftir tölum varðandi fjölda gistinátta sem þörf er á til að hafa til hliðsjónar í umræðum innan SSH um málið. Niðurstaðan var sú að SSH hafði áhuga á að skoða með samstarf s.s. hvað varðar aðgengi að grunnskólum.



Starfsmaður vinnuhópsins vann grófa mynd af þörfinni hvað varðar fjölda gistinguátta. Þessi gögn voru send á Pál Björgvin sem ætlaði að taka málið fyrir sem allra fyrst innan SSH. Það mál strandaði svo m.a. annars vegna Covid-19 og engin frekari gögn bárust frá Páli Björgvin þrátt fyrir beiðni þess efnis.

### **Gistingarform**

Í vinnu starfsmanns við gagnaöflun varðandi þörf á gistinguþjónustu á Höfuðborgarsvæðinu og þá í hvernig formi hún þyrfti helst að vera kom reyndar í ljós að félög töldu sig tæplega hafa þörf á skólagistingu lengur vegna þess hve verðið á uppbúnum rúmum á hóteli væri orðið gott (sjá neðar) og í raun sáralítill munur á því verði og verðsins sem greiða þyrfti fyrir skólagistingu. Óþægindi við að taka með dýnu og svefnþoka væru líka partur af skýringunni. Einnig var morgunverður nefndur sem skýring en hótelin bjóða hann í sumum tilfellum innifalinn í verði. Haft var samband við forystumenn Íþróttafélagsins Þórs og KA á Akureyri, HSV, UÍA, UMSS og ÍBV-Íþróttafélags og alls staðar voru svörin á þá lund að þörfin á skólagistingu væri varla til staðar í dag nema þá helst í þeim mótum sem haldin eru í yngri flokkum. Þau mót væru oftast um helgar og gisting þá innifalin í mótsgjaldi og skipulögð af íþróttafélagi/mótshaldara. Sú gisting er yfirleitt í skólastofum og/eða félagsmiðstöðvum. Svo virðist sem aðgengi íþróttafélaga á höfuðborgarsvæðinu að skólunum sé til staðar þegar um mót er að ræða og félögin taki þá ábyrgð á umgengni og frágangi eftir að móti lýkur, m.a. með því að vera með starfsfólk á svæðinu.

### **Aðilar í gistinguþjónustu á höfuðborgarsvæðinu**

Starfsmaður vinnuhópsins aflaði gagna frá aðilum í gistinguþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Alls var haft samband við 26 aðila. Svör bárust frá 13 aðilum og voru þau gögn yfirfarin af starfsmanni sem eftir atvikum hafði frekara samband við þá þjónustuaðila sem hvað best litu út miðað við innsend gögn.

Íþróttahreyfingin hefur í þó nokkur ár verið í viðskiptum við þjónustuaðila í þessum efnum s.s. Hótel Cabin sem talist hefur verið með hvað besta verðið sem þekkt er í dag miðað við uppbúin rúm og morgunverð. Þar hefur verðið verið í kringum kr. 3.800.- per einstakling með morgunverði og lækkaði eftir að Covid-19 kom til landsins niður í allt að kr. 2.800.- per einstakling með morgunverði. Samkvæmt heimildum starfsmanns vinnuhópsins hafði staðið til að hækka verðið hjá Cabin þegar Covid – 19 skall á sem breytti stöðunni eins og að ofan greinir. Starfsmaður vinnuhópsins þekkir aðstæður á Cabin og telur staðinn vænlegan kost fyrir íþróttahreyfinguna eins og hann hefur verið.

Í gagnaöflun starfsmanns komu í ljós tveir aðrir aðilar með hagstæð tilboð. Annars vegar er það Reykjavík City Hostel sem býður sambærilegt eða svipað verð og Cabin hefur verið að bjóða hreyfingunni. City Hostel stendur við Sundlaugarveg og býður íþróttahópum uppbúin rúm á kr. 2.700.-3.000.- per einstakling og auk þess hafragraut í morgunverð án aukagreiðslu. Morgunverður á hlaðborði er á kr. 1.300.- per einstakling. Starfsmaður vinnuhópsins fór á staðinn



og kynnti sér aðstæður og getur mælt með þessum aðila sem vænlegum kosti fyrir hreyfinguna ef marka má útlit herbergja og húsnæðisins almennt og umræður við stjórnendur. Enginn annar gistingustuaðili var nálægt þessu verði hvað varðar gistingu þar sem starfsfólk er til staðar og þeirra því ekki getið sérstaklega hér í þessari lokaskýrslu, ekki síst vegna þess að fjöldi næturgesta sem fyrrgreindir gistingustuaðilar geta tekið í gistingu er ótrúlega mikill og því líklegt að það dugi til að þjónusta hreyfinguna ef ekki verða miklar breytingar á. Alls eru 257 herbergi á Hótel Cabin og 170 rúm á Reykjavík City Hostel.

Einn annar aðili í gistingustuaðili er með annars konar tilboð fyrir íþróttahópa en það er Sport Hostel Reykjavík í Glæsibæ. Það er leigt út í heilu lagi þannig að þar gistir bara einn hópur hverju sinni og enginn starfsmaður á staðnum. Um uppbúin rúm er að ræða í samtals 5 rýmum/herbergjum, mest 8 aðilar í sama herbergi í 4 kojum. Þar eru samt 2ja manna herbergi fyrir fararstjóra og/eða þjálfara. Þar er pláss fyrir 25-30 manns í rúmum og kojum en enginn morgunverður í boði eins og er. Einnig er þar miðrymi með sjónvarpi með Netflix. Leigan á Hostelinu er kr. 30 þús. per nótt þessa dagana + 10 þús. í ræstigjald eða samtals 40 þús. nóttin burt séð frá stærð hópa (Covid-19 verð). Það er mjög gott verð per haus ef hópurinn er uppundir það að fylla rúmin og þetta verð gildir frá og með deginum í dag og út apríl 2021. Rekstraraðili ætlar að athuga með möguleika á afsláttarkjörum hjá nærliggjandi veitingastöðum, Saffran, Tókjó Sushi og Bakarameistararnum. Starfsmaður hópsins fór ekki á staðinn í þessu tilfelli, ofangreint er því sagt með fyrirvara um aðstæður.

### **Stöðuskýrsla í febrúar**

Stöðuskýrsla var send á vinnuhópinn þann 26. feb. um það leyti sem Covid-19 var að skella á. Þar var farið yfir stöðu mála eins og þau litu út á þeim tímapunkti.

### **Niðurstaða vinnuhóps**

Niðurstaða vinnuhópsins er eftirfarandi:

- Ekki er talin ástæða þessa stundina til að reyna að fá skólana aftur opnaða fyrir staka íþróttahópa. Skólar og félagsmiðstöðvar virðast standa mótshöldurum opnir/opnar á stærri mótum sem haldin eru og þörf íþróttahreyfingarinnar á gistingu á þeim stöðum utan móta virðist ekki fyrir hendi.
- Þrjú gistingustuaðilar eru að bjóða íþróttahreyfingunni hvað best kjör hvað varðar gistingu og morgunverð. Það eru Hótel Cabin, Reykjavík City Hostel og Sport Hostel Reykjavík. Íþróttafélög eru þ.a.l. hvött til að nýta sér þau tilboð sem þeim stendur til boða hjá þessum aðilum. Um mikinn fjölda herbergja er að ræða en félög eru engu að síður hvött til að panta gistingu með eins miklum fyrirvara og hægt er.

F.h. vinnuhópsins,

Viðar Sigurjónsson starfsmaður hópsins.